



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn, 7. maí 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar mánudaginn 7. maí, 2007, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þorgils Magnússon formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Erindi frá ungmennafélaginu Hvöt.

Þórhalla Guðbjartsdóttir, formaður óskar eftir leyfi til að reisa 100 sæta stúkubyggingu á Blönduósvelli.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt gegn því að séruppdráttum sé skilað af undirstöðum og festingum.

2. Erindi frá SAH Afurðum ehf.

Sigurður Jóhannesson f.h. fyrirtækisins sækir um stöðuleyfi fyrir allt að 12 gáma á lóð Sölufélags Austur Húnvetninga, Húnabraut 35-39 og að Ægisbraut 4.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir stöðuleyfi til eins árs fyrir gámana.

3. Erindi frá SAH Afurðum ehf.

Sigurður Jóhannesson f.h. fyrirtækisins sækir um leyfi til að loka gluggagati á suðurhlíð sláturhúss.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt samkv. fyrirbyggjandi gögnum enda berist dagréttir uppdrættir.

4. Aðalgata 3b.

Framhaldsafgreiðsla liða 16 og 17 samkv. fundargerð SBV 6. febrúar 2007.

Afgreiðsla: Fram er lögð verkáætlun og drög að aðaluppdrætti. Nefndin staðfestir framkomin gögn gegn því að fram verði lagður fullgildur aðaluppdráttur í byrjun næstu viku.

5. Sólþallur Mýrarbraut 12.

Guðmundur Karl Ellertsson sækir um leyfi til að byggja sólþall við Mýrarbraut 12.

Afgreiðsla: Teikning hefur ekki borist og afgreiðslu því frestað.

6. Staðfesting lóðarblaðs.

Lóðablað vegna Aðalgötu 9 (bakaríð) lagt fram til staðfestingar.

Afgreiðsla: Lóðablaðið með áorðnum breytingum staðfest og tæknideild í samráði við byggingarfulltrúa falið að kynna nágrönnum niðurstöðuna.

7. Erindi frá Lionsklúbbi Blönduóss.

Magnús Ólafsson, formaður sækir um leyfi til þess að gera bílaplan og betra aðgengi að útsýnisskífu á Háubrekku fyrir ofan Blönduós.

Afgreiðsla: Nefndin lítur jákvætt á erindið og beinir því til Lionsklúbbs og landeigenda að taka saman höndum um að koma aðkomu og umhverfi í viðundandi horf.

8. Erindi frá formanni hestamannafélagsins Neista.

Þorgils Magnússon, f.h. hestamannafélagsins Neista óskar eftir leyfi til frágangs á skeiðvallarsvæðinu í Kleifarnámu skv. meðf. bréfi.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir að fresta 1. lið erindisins um mön austan vallar, en samþykkir voru liðir 2 og 3 um uppsetningu dómarskýlis og afmörkun svæðisins með búfjárgirðingu í samráði við tæknideild.



9. Aðgengi að veiðisvæði Blöndu.

Framhaldsafgreiðsla 3. liðar fundar SBV frá 4. apríl 2007.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt gegn því að umsögn minjavarðar um svæðið berist.

Formaður óskaði eftir því að upp sé tekinn liðurinn önnur mál. Fundurinn samþykkti það.

10. Önnur mál.

A. Byggingarleyfi.

Björn Þór Kristjánsson f.h. Dýhóls ehf. kt. 490802-2580 óskar eftir byggingarleyfi til að breyta hluta húsnaðisins að Norðurlandsvegi 4 í veitingastað. Með umsókn fylgja teikningar.

Afgreiðsla: Lagðar fram teikningar, grunnmynd áritaðar frá 28.3. 2007, merktar fyrirspurnarteikningar. Þá liggur fyrir teikning, grunnmynd frá 14.4. 2007 og heitir grunnmynd veitingahúss, óárituð. Einnig er teikningin útlit og snið, sú teikning er árituð frá 26.04. 2007. Uppdrættir eru ekki fullnægjandi. Slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa falið að fara yfir teikningarnar og gera viðhlítandi athugasemdir. Afgreiðslu frestað uns lag hefur fengist á málið.

B. Deiliskipulag.

Tillaga að deiliskipulagi frístundasvæðisins "Undraveröld" sem Teikn á lofti ehf./Halldór Jóhannsson landslagsarkitekt hefur unnið. F.h. eigenda 2ja Átta ehf. er óskað eftir að SBV samþykki að auglýsa meðfylgjandi deiliskipulagstillögu skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir skipulagið og leggur til við bæjarstjórn að skipulagið verði auglýst.

C. Sólballur, Hólabraut 7.

Sandra Hrönn Stefánsdóttir og Bragi Pétursson sækja um leyfi til að byggja sólball við hús sitt við Hólabraut 7, skv. meðfylgjandi teikningu.

Afgreiðsla: Erindið er samþykkt.

D. Erindi frá Önnu Kr. Davíðsdóttur, stöðvarstjóra Skálans, N1 v/ Norðurlandsveg. Þar er gerð athugasemd við síendurtekin óhöpp vegna tengivagna frá fyrirtæki Vörumiðlunar við Norðurlandsveg.

Afgreiðsla: Nefndin tekur undir áhyggjur stöðvarstjóra og hvetur hlutaðeigandi aðila að tryggja að slíkir atburðir endurtaki sig ekki.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00.

F.h. byggingarfulltrúa, Eyjólfur Þórarinnsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)

F.h. Brunavarna A-Hún, Andrés I. Leifsson (sign.)

Þórður Pálsson (sign.)

Þorgils Magnússon (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)